

Nr. 23.
22.
október.

Lög

um

samþyktir um mótak.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um mótak fyrir hvern hrepp innan sýslu, þar sem hreppsnefnd óskar þess, til að koma í veg fyrir landsspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mótaks og hættu af mórgröfum.

2. gr.

Nú vilja mótakseigendur í einhverjum hreppi koma þar á samþykt um mótak, og hreppsnefndin vill styðja það, þá skal hún leggja frumvarp til samþykta fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar, og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppi þeim, er samþykkin á að gilda fyrir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, enda eigi þeir mótak eða hafi umráð yfir mótaki. Oddviti sýslunefndar, eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og fundarstað, og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykta, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykta með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþykta, sem hefir eigi náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþyktafundum, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi Nr. 23. Lög 22. október um samþyktir um mótak.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov af 18de September 1891.

LOV

om

Vedtægter angaaende Tørveskær.

Nr. 23.
22.
Oktober.

Vi Christian den Tiende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Sysselforstanderskaberne bemyndiges til, naar Repsforstanderskabet finder det ønskeligt, at affatte en Vedtægt om Tørveskær for enhver Rep inden Sysselet, for at forhindre Ødelæggelse af Landet ved Tørveskær eller uhensigtsmæssig Fremgangsmaade ved Tørveskær og for at undgaa Faren ved Tørvegravene.

§ 2.

Hvis i nogen Rep de til Tørveskær berettigede ønsker oprettet Vedtægt om Tørveskær og Repsforstanderskabet vil støtte Sagen, skal det forelægge et Forslag til Vedtægten for Sysselforstanderskabets ordinære Møde. Dette tager Forslaget under Overvejelse og foretager saadanne Ændringer som det finder nødvendigt, hvorefter det varsler til et Møde i den Rep, for hvilken Vedtægten skal gælde. Paa Mødet ere stemmeberettigede alle de, som ere stemmeberettigede i kommunale Anliggender, hvis de ere berettigede til Tørveskær eller har Raadighed over samme. Sysselforstanderskabets Formand eller den som Sysselforstanderskabet har udvalgt dertil fastsætter Tid og Sted for Mødets Afholdelse og leder Forhandlingerne samt sørger for, at Valglisten er tilstede.

§ 3.

Paa det i § 2 omhandlede Møde fremlægger Dirigenten det Forslag til Vedtægt, som Sysselforstanderskabet forinden har affattet. Hvis Forsamlingen vedtager Forslaget uforandret med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, indsender Sysselmanden det til Ministeriet til Stadfæstelse. Paa samme Maade forholdes med Forslaget, selv om det er blevet ændret af Forsamlingen, hvis Ændringsforslagene ere blevne vedtagne med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer og Sysselforstanderskabet tiltræder dem; men i modsat Fald skal nyt Møde indvarsles. Hvis Forslaget da bliver vedtaget uforandret med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, behandles det som foran anført.

Et Vedtægtsforslag, som ikke har faaet $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, betragtes som bortfaldet og maa ikke fremlægges for Sysselforstanderskabet paa ny førend paa næste ordinære Møde.

§ 4.

Hvis en Vedtægt er affattet paa lovformelig Maade og indsendt til Ministeriet til Stadfæstelse men Ministeriet finder, at den er i Strid med Lovenes Grundsætninger eller Nr. 23. Lov af 22. Oktober om Vedtægter angaaende Tørveskær!

Nr. 23. manna, er þá samþykktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðs-
 22. ins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir
 október. um birtingu hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykkt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir frá 5—50 kr., og skal í samþykktinni ákveða, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykkt skal farið sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 22. október 1912.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Privates Rettigheder, da tilbagesendes Vedtægten uden Stadfæstelse tilligemed Ministeriets ^{Nr. 23.}
 Begrundelse af Vedtægtens Nægtelse. I modsat Fald stadfæster Ministeriet Vedtægten, ^{22.}
 foranstalter den bekendtgjort, samt bestemmer, hvor naar den skal træde i Kraft. Oktober.

En stadfæstet Vedtægt kan kun forandres under Iagttagelse af de samme Former, under hvilke den blev vedtaget.

§ 5.

Enhver Vedtægt skal indeholde Forskrifter om Tilsyn med dens Overholdelse samt om Afholdelsen af Omkostningerne derved.

§ 6.

For Overtrædelser af Vedtægter kan der bestemmes Bøder af 5—50 Kroner; i Vedtægten skal bestemmes, hvilken Kasse Bøderne skulle tilfalde.

§ 7.

Overtrædelser af Vedtægterne behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. Oktober 1912.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. Oktober 1912.

H. Hafstein.

Jon Krabbe.